



Sveitastjórn Garðabæjar  
Gunnar Einarsson  
Garðatorgi 7  
210 GARÐABÆ

Reykjavík 9. ágúst 2016

Ágæta sveitarstjórn

Búnaðarþing 2016 samþykkti eftirfarandi ályktun:

### Fjallskil

#### Markmið

*Að sveitarstjórnir á landinu öllu gæti þess að fara eftir og framfylgja öllum ákvæðum sem að þeim snúa í lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni og fjallskil þannig að fjallskil verði fullnægjandi í hverju sveitarfélagi.*

#### Leiðir

*Stjórn BÍ kanni hvar á landinu fjallskilum er helst ábótavant og hlutist til um að sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli framfylgi skyldum sínum með tillögum til úrbóta.*

#### Framgangur

*Stjórn BÍ vinni í samstarfi við búnaðarsambönd eða búgreinafélög að því að fá upplýsingar á landsvisu fyrir haustið. Þar sem ábótavant er verði sveitarfélögum send áskorun um úrbætur.*

#### Greinargerð:

*Viða um land eru heimtur ekki nægilega góðar, og verði að heimta fé fram eftir vetri. Með fækkun íbúa í sveitum er þekking á smalamennsku að minnka og auk þess hafa sum sveitarfélög fækkað dagsverkum við smölun. Þetta leiðir til vandræða.*

Bændasamtök Íslands eru nú að safna upplýsingum um stöðu þessara mála um land allt og vilja með bréfi þessu fara þess vinsamlega á leit að neðangreindum spurningum um framkvæmd fjallskila verði svarað fyrir hönd ykkar sveitarfélags við fyrsta tækifæri.

Mikilvægt er að réttar upplýsingar liggi fyrir um stöðu þessara mála og því er vonast eftir því að þið sjáið ykkur fært að svara sem fyrst og ekki síðar en 20. september næstkomandi

1. Eru einhver vandkvæði á framkvæmd fjallskila í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði laga um afréttarmálefni, fjallskil og fleira nr. 6/1986?
2. Nokkuð ber á því að útigengið fé eða hræ af slíku fé finnist í beitolöndum á ýmsum tímum að vetrinum og allt fram á vor. Þá hafa bændur sums staðar kvartað yfir slægri framkvæmd fjallskila. Eru dæmi um slíkt þekkt í sveitarfélaginu?
3. Ef dæmi skv. spurningu 2. eru þekkt, eru þau vaxandi vandamál í sveitarfélaginu?
4. Liggja fyrir tillögur til úrbóta í sveitarfélaginu, sé þeirra talin þörf, og ef svo er, hverjar eru þær helstu?

Með vinsemd og virðingu  
f.h. Bændasamtaka Íslands

*Sigurður Eyþósson*  
framkvæmdastjóri

